# Lyfjamál 87

## Notkun sýklalyfja (J01) minnkaði á árunum 1992-2000




**Mynd 1.** *Notkun sýklalyfja (J01) í skilgreindum dagskömmtum; ársfjórðungstölur 1992-2000.*

SÝKLALYF ERU EINN AF FÁUM LYFJAFLOKKUM ÞAR sem notkun hefur ekki farið vaxandi á tímabilinu. Árið 1992 var notkunin 22,6 DDD/1000 íbúa/dag, en 1999 var talan 20,7. Þetta er þó enn talsvert hærra en hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum. Athyglisvert er að skoða ársfjórðungstölur, en þar sést greinileg árstíðasveifla.

Verulegur árangur hefur náðst í því að minnka notkun hjá börnum eins og sést á línuritinu hér að neðan.




**Mynd 2.** *Notkun sýklalyfja (JO1) í lyfjaformum fyrir börn. Ársfjórðungstölur.*